



Lagt fyrir 385. fund velferðarráðs 21. október 2020
VEL2020100008
RÁ/egj/sgs

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni tillögu: Aukin fjárheimild til fjárhagsaðstoðar velferðarsviðs 2020

Lagt er til að fjárheimild fjárhagsaðstoðar velferðarsviðs verði hækkuð um 655,3 m.kr. á árinu 2020.

Greinargerð:

Inngangur

Útgjöld í fjárhagsaðstoð fylgja efnahagssveiflum og það líður tiltölulega skammur tími frá því að breyting verður á efnahagsástandi þar til sú breyting speglast í tölum um fjárhagsaðstoð. Í áætlun 2020 var gert ráð fyrir hóflegri fjölgun í þessum hópi, meðal annars vegna fjölgunar á milli áranna 2019 og 2020 en fjölgunin sem Covid19 hefur haft í för með sér er mun meiri en ítrustu spár gerðu ráð fyrir. Í apríl fjölgaði þeim sem þáðu fjárhagsaðstoð til framfærslu verulega á milli mánaða eða um 7,3%. Það jafngildir 25,3% fleiri notendum en í sama mánuði árið 2019. Þessi þróun hefur haldið áfram síðustu mánuði og svipaða þróun má sjá þegar kemur að heimildargreiðslum fjárhagsaðstoðar (umsóknir um ýmsan kostnað t.d. vegna barna). Þær hafa hækkað verulega frá fyrra ári og ljóst er að þær munu fara fram úr þeim fjárheimildum sem voru áætlaðar í upphafi árs.

Fjárhagsaðstoð til framfærslu – spá út árið

Líkt og komið hefur fram í fyrri greiningu á áhrifum Covid19 sem kynnt var í borgarráði 30. apríl sl. var gert ráð fyrir tveimur sviðsmyndum, V- og U- sviðsmynd. Í V-sviðsmynd var gert ráð fyrir að það tækist að ráða niðurlögum veirunnar á heimsvísu á skömmum tíma en í U-sviðsmynd var gert ráð fyrir að niðursveiflan stæði til loka fyrsta ársfjórðungs 2021. Þetta má sjá á mynd 1, en þar er einungis fjallað um fjárhagsaðstoð til framfærslu en hún nemur rúmlega 75% af kostnaði við alla fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar.

Tafla 1: Sviðsmyndir í samanburði við áætlun 2020 og 2021

		Áætlun	V - sviðsmynd	U - sviðsmynd
Árið 2020	fjöldi	1.076	1.300	1.450
Árið 2021	fjöldi	1.101	1.508	2.825
Árið 2020	upphæð	2.114.215.072	2.554.349.065	2.849.081.649
Árið 2021	upphæð	2.240.704.331	3.069.748.448	5.750.366.939
Árið 2020	hækkun í kr. sbr. við áætlun		440.133.993	734.866.577
Árið 2021	hækkun í kr. sbr. við áætlun		829.044.116	3.509.662.608
Árið 2020	hækkun í % hækkun frá áætlun		20,8%	34,8%
Árið 2021	hækkun í % hækkun frá áætlun		37,0%	156,6%

Uppfærð útkomuspá um aukinn fjölda þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð til framfærslu lendir nálægt þeirri sviðsmynd sem sett var upp sem U-sviðsmynd í apríl. Er það í takt við þá staðreynd að enn er ekki farið að sjá til lands varðandi þau miklu efnahagslegu áhrif sem Covid19 er að valda. Þannig er gert ráð fyrir að fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði 1.376 á mánuði að jafnaði á árinu til samanburðar við 1.076 á mánuði í upphaflegri áætlun ársins. Tafla 2 sýnir þróun og spá um fjölda notenda og fjárhæðir í fjárhagsaðstoð til framfærslu á árinu 2020. Skyggða svæðið eru áætlaðar tölur.


Tafla 2: Þróun og spá um fjölda notenda og fjárhæði í fjárhagsaðstoð til framfærslu 2020

Árið 2020	Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð til framfærslu	Aukning í fjölda notenda miðað sama mánuð 2019	Mánaðarleg fjárhæð
Janúar	1.114	11,1%	186.380.565
Febrúar	1.147	13,3%	191.098.408
Mars	1.208	15,4%	204.078.606
Apríl	1.296	25,3%	220.724.553
Maí	1.285	25,6%	222.666.811
Júní	1.363	28,6%	234.261.746
Júlí	1.407	31,7%	240.885.800
Ágúst	1.418	30,1%	244.131.739
September	1.486	37,2%	255.839.044
Oktober	1.527	42,6%	262.897.860
Nóvember	1.591	42,8%	273.916.500
Desember	1.666	54,8%	286.828.968

Í spánni er gert ráð fyrir að atvinnuástand verði erfitt út árið og það muni koma til enn frekari uppsagna á haustmánuðum. Þá er gert ráð fyrir að margir þeirra sem missa bótarétt muni fá framfærslu í gegnum fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Byggist það að hluta á því að þeir sem munu missa vinnuna séu þeir sem náðu að halda starfi í ferðaþjónustu yfir sumartímann en með haustinu dragi úr því vinnuframboði. Ákveðin hætta er á að hluti þessa hóps hafi þó ekki náð að vinna sér inn rétt til atvinnuleysisbóta.


Á mynd 1 má sjá breytingu á samsetningu hópsins á milli ára miðað við fyrstu sex mánuði ársins 2019 og 2020. Þar sést að mesta aukningin er hjá þeim sem eru atvinnulausir án bótaréttar.

Mynd 1: Fjárhagsaðstoð til framfærslu jan-jún 2019 og 2020. Skipting eftir atvinnustöðu



Enn fremur tekur spáin um þróun á fjárhagsaðstoð til framfærslu mið af því að töluvert streymi erlends verkafólks hafi verið til landsins en ætla má að framboð vinnu fyrir þann hóp sé takmarkað í núverandi ástandi. Mynd 2 sýnir hversu hlutfall notenda með erlent ríkisfang hefur hækkað milli ára miðað við fyrstu sex mánuði ársins. Er þessi þróun ekki síst tilkomin með stækkandi hópi flóttafólks með stöðu eftir umsókn um alþjóðlega vernd, en það var rúmlega þreföldun á þeim hóp fyrstu fjóra mánuði ársins.


Mynd 2: Hlutfall notenda fjárhagsaðstoðar með erlent ríkisfang



Heimildagreiðslur fjárhagsaðstoðar hafa verið að hækka samhliða aukningu í fjölda á fjárhagsaðstoð til framfærslu. Á það við um almennar heimildargreiðslur, en undir þeim lið eru ýmsir styrkir svo sem vegna sérstakra erfiðleika, sérstök aðstoð vegna stuðningsvinnu, útfararstyrkur og aðstoð vegna barna á grundvelli 16. gr. A, svo fátt eitt sé nefnt. Á mynd 3 má sjá þróun á heimildargreiðslum fyrstu sex mánuði áranna 2019 og 2020 en þar er mesta aukningin tilkomin vegna sérstakrar aðstoðar vegna

stuðningsvinnu en sú þróun skýrist að miklu leyti að auknum fjölda fólks með erlent ríkisfang.

Mynd 3: Heimildagreiðslur jan-jún 2019 og 2020. Skipting eftir atvinnustöðu



Tafla 3 sýnir samantekt um fjárþörf vegna þeirra liða sem hafa hækkað verulega umfram áætlun með því efnahagsástandi sem Covid19 skapar.

Tafla 3: Samantekt á fjárþörf 2020

	Esk.áætlun 2020	Uppfærð áætlun fyrir 2020	Viðbótar- fjármagn
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	2.139.215.072	2.823.710.600	684.495.528
Endurgreiðsla frá ríki skv. lögum nr.	-146.553.768	-333.310.468	-186.756.700
			497.738.828
Heimildagreiðslur - almennt	190.773.058	340.978.232	150.205.174
Heimildargr. - 16.gr. A aðstoð v/barna á framfæri	29.952.545	37.272.075	7.319.530
			655.263.532

Búið er að taka tillit til endurgreiðslu frá ríkinu í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Endurgreiðslan er raunfjárhæð sem er reiknuð vegna 2019 en kemur til greiðslu á þessu ári en hún var rúmar 333 m.kr. á síðasta ári.

Horfur 2021

Enn ríkir mikil óvissa tengd því ástandi sem Covid-19 hefur skapað. Þannig sér ekki fyrir endann á þeim miklu efnahagslegu afleiðingum sem faraldurinn hefur í för með sér. Spá fyrir 2021 tekur mið af þessu en í áætlun ársins er gert ráð fyrir mikilli fjölgun notenda sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Þannig er gert ráð fyrir að fjöldi notenda á mánuði aukist úr 1.376 (útkomuspá 2020) í 2.252 árið 2021. Þetta jafngildir hækkingu upp á tæpa 2 ma.kr. í útgjöldum frá því sem nú er verið að fara fram á en í áætlun 2021 er gert ráð fyrir útgjöldum upp á 4,3 ma.kr. að teknu tilliti til áætlaðrar endurgreiðslu. Það verður þó að taka mið af því að það er óvenju mikil óvissa í spánni við þessar aðstæður og það þarf ekki mikið að breytast til betri vegar til að hún gangi ekki eftir.

Í áætlun vegna útgjalda fyrir árið 2020 og 2021 hefur ekki verið tekið tillit til þess kostnaðar sem hlýst af þjónustu við þennan sístækkandi hóp sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu. Þannig aukast biðlistar eftir að koma í viðtöl á þjónustumiðstöðvum verulega og þörf er á að uppfæra fjárhagsáætlun þjónustumiðstöðva með tilliti til þessa. Þess ber þó að geta að rafræn afgreiðsla fjárhagsaðstoðar hefur skipt sköpum varðandi þessa fjölgun notenda en kemur þó ekki að fullu í stað þeirrar ráðgjafar sem er nauðsynleg í mörgum tilvikum samhliða afgreiðslu umsókna.